



Fundargerð

339. fundur fræðsluráðs Reykjaneshæjar, fjarfundur

15. janúar 2021, kl. 08:15

Viðstaddir: Valgerður Björk Pálsdóttir formaður, Díana Hilmarisdóttir, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir, Anna Sigríður Jóhannesdóttir, Íris Ósk Kristjánsdóttir.

Bryndís Jóna Magnúsdóttir fulltrúi skólustjóra grunnskóla, Silja Konráðsdóttir fulltrúi grunnskólakennara, Hanna Málmfríður Harðardóttir fulltrúi leikskólustjóra, Anna Lydía Helgadóttir fulltrúi leikskólakennara.

Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðslusviðs, Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi, Ingibjörg Bryndís Hilmarisdóttir leikskólafulltrúi og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Atvinnutengt nám – kynning á tilraunaverkefni (2021010307)

Einar Trausti Einarsson yfirsálfræðingur mætti á fundinn og kynnti tilraunaverkefni sem farið hefur verið af stað með í samstarfi fræðslusviðs og velferðarsviðs Reykjaneshæjar þar sem greitt er fyrir vinnuframlag sem hluta af þátttöku í atvinnutengdu námi.

Fræðsluráð þakkar fyrir góða kynningu.

2. Stytting vinnuvikunnar – kynning á framkvæmd (2019100323)

Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi og Ingibjörg Bryndís Hilmarisdóttir leikskólafulltrúi gerðu grein fyrir stöðu mála varðandi styttingu vinnuvikunnar í grunnskólum og leikskólum sveitarfélagsins.

3. Samræmd könnunarpróf – nánari skoðun (2020120052)

Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðslusviðs fór yfir niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum í grunnskólum Reykjaneshæjar haustið 2020.

Lögð fram tillaga frá Önnu Sigríði Jóhannesdóttur (D) um að gerð verði úrbótaáætlun til að bæta námsárangur allra nemenda í grunnskólum Reykjaneshæjar.

Fræðsluráð tekur undir tillöguna og felur sviðsstjóra fræðslusviðs að kynna yfirlit yfir núverandi aðgerðir og þær aðgerðir sem stefnt er að til þess að ná fram bættum námsárangri allra nemenda í grunnskólum Reykjaneshæjar.



4. Umsókn um leyfi til daggæslu barna í heimahúsum (2021010055)

Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir leikskólafulltrúi lagði fram umsókn um starfsleyfi fyrir dagforeldri frá Eysteini Erni Garðarssyni. Öll tilskilin gögn eru fyrir hendi.

Starfsleyfið er veitt.

5. Framboð grænkerafæðis í skólum - áskorun (2020120397)

Lögð fram áskorun frá Samtökum grænkerana á Íslandi um að sveitarfélög setji skýr markmið varðandi aukið framboð grænkerafæðis í skólum. Samtökin sendu einnig áskorun til allra leik- og grunnskóla landsins þar sem skólarnir eru hvattir til að bjóða oftar eða að lágmarki einu sinni í viku upp á grænkerafæði fyrir alla nemendur.

Fræðsluráð þakkar fyrir áskorunina. Það er nú þegar boðið upp á grænkerafæði á hverjum degi í grunnskólum Reykjaneshæjar. Leikskólafulltrúi mun eiga samtal við leikskólustjóra um að bæta framboð grænkerafæðis.

6. Menningarstefna Reykjaneshæjar – beiðni um umsögn (2019051729)

Menningar- og atvinnuráð óskar eftir umsögn um menningarstefnu Reykjaneshæjar 2020-2025.

Drög að menningarstefnu lögð fram. Málið verður tekið til afgreiðslu á næsta fundi fræðsluráðs.

7. Krakkarnir í hverfinu – lykiltölur í lífi barna (2019110250)

Hafþór B. Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi kynnti niðurstöður rannsóknarinnar Ungt fólk 2020 sem byggðar eru á könnun sem lögð var fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekkjum í grunnskólum Reykjaneshæjar í október 2020 af rannsóknarmiðstöðinni Rannsóknunum og greiningu. Hann fór einnig yfir þróun forvarnarstarfs í Reykjaneshæ á undanförunum áratugum, þann árangur sem náðst hefur og helstu atriði sem þarf að huga að í forvarnarmálum.

Fræðsluráð þakkar fyrir góða kynningu. Margt jákvætt kom fram í skýrslunni um líðan ungs fólks. Nokkur atriði valda þó áhyggjum og mun fræðsluráð í samstarfi við önnur ráð bregðast við þeim þáttum.

8. Fundargerðir neyðarstjórnar (2021010061)

Fundargerðir lagðar fram.

<https://www.reykjaneshae.is/is/stjornsysla/stjornsyslan/fundargerdir/neydarstjorn>

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:20.